

## **Reglur um þóknun kjörinna fulltrúa Kjósarhrepps og greiðslur fyrir nefndarstörf.**

Sveitarstjórnarfulltrúar fá greidda þóknun og starfskostnað vegna starfa sinna eftir samþykkt þessari. Jafnframt fá aðrir kjörnir fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins greidda þóknun fyrir störf sín eftir ákvæðum hennar

### **Laun sveitarstjórnarfulltrúa og fulltrúa í nefndum:**

Laun oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Kjósarhrepps skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma. Þingfararkaup er endurskoðað 1. júlí ár hvert.

### **Laun sveitarstjórnarfulltrúa:**

Oddviti sveitarstjórnar ..... 16% af þingfararkaupi fyrir hvern mánuð.

Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar..... 8% af þingfararkaupi fyrir hvern mánuð.

Varamenn í sveitarstjórn..... 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Verkefni oddvita er m.a. að vera í samráði við sveitarstjóra um daglega stjórn sveitarfélagsins. Yfirfara gögn, veita íbúum og öðrum viðtöl, undirbúa mál og dagskrá sveitarstjórnarfunda og stýra sveitarstjórnarfundum.

Verkefni sveitarstjórnarfulltrúa eru m.a. að yfirfara og kynna sér mál og gögn fyrir fundi, taka þátt í fundum sveitarstjórnar og eiga viðtöl við íbúa og aðra um málefni sem tengjast sveitarfélaginu.

### **Aðrar greiðslur:**

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnu utan Kjósarhrepps skal greiða 2% af þingfararkaupi fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Kjósarhrepps utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

### **Laun fulltrúa í nefndum:**

Formaður í nefnd..... 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund

Almennur nefndarmaður..... 2% af þingfararkaupi fyrir hvern fund

Nefndarmenn í Fjölskyldu og menningarnefnd fá að auki tvær eingreiðslur á ári sem nemur 2%, hvor, af þingfararkaupi vegna vinnu við Kátt í Kjós og Aðventumarkað.

**Aðrar greiðslur:**

Sæki nefndarmaður fundi eða ráðstefnu utan Kjósarhrepps skal greiða 2% af þingfararkaupi fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar. Kostnaður er greiddur að höfðu samráði við sveitarstjóra

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Kjósarhrepps utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

**Greiðslur til kjörstjórnar:**

Nefndarmaður í kjörstjórn 5.685 kr. klst.

Aðrir kjörstjórnarfulltrúar 3.569 kr. klst.

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Kjósarhrepps 29. nóvember 2023 og taka gildi 1. Janúar 2024.

